



**Ávarp forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar,
við setningu
Landsmóts UMFÍ í Borgarnesi
4. júlí 1997**

Heiðruðu landsmótsgestir

Að rækta land og lýð og vinna Íslandi allt voru kjörorð æskufólksins sem í árdaga aldarinnar gerði ungmennafélögin að vettvangi íþróttá og hugsjónastarfs.

Hreyfingin var samgróin sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og burðarás í félagslífi héraðanna. Ungmennafélögin voru kraftmiklar uppeldisstöðvar, mótuðu kynslóðir sem skópu það Ísland sem við höfum hlotið í arf.

Landsmót ungmennafélaganna hafa á okkar tíð orðið glæsilegar íþróttahátíðir, mannfagnaðir sem sýna metnað þúsunda sem skipa sér í raðir samtakanna. Þau staðfesta að ungmennafélögin eiga traustar rætur í öllum byggðum landsins. Hlutverk þeirra á nýrri tíð er jafnvel enn meira en áður.

Hér í Borgarnesi eru glæsileg mannvirki vígð á þessu móti, vitnisburður um stórhug byggðarlagsins og vináttu íbúanna í garð Ungmennafélags Íslands. Þessi nýju íþróttamannvirki sýna að efling íþróttá og æskulýðsstarf, hvatning til heilbrigðari lífshátta og mannræktar, er leiðarljós í uppbyggingu héraðsins. Slíkt fordæmi ætti að vera öðrum til eftirbreytni.

Ég færi Ungmennafélagi Íslands heillaóskir á merkur tímamótum og fagna með ykkur öllum þeirri hátíðlegu og metnaðarfullu umgjörð sem helguð hefur verið þessu móti.

Ég óska keppendum og þátttakendum öllum góðs gengis. Þótt sigur í leik sé fagnaðarefni er mest vert að vera með og gleðjast yfir þeirri getu sem við sýnum sjálfum okkur.

Til hamingju með glæsilegt landsmót.